

Aðalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudaga. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum sínum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 og 17-19 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

Aðalsími
81333

Kvöldsími
81348

Helgarsími
afgreiðslu
81663

Marapónkeppni


skátanna:

„Veikara kynið” reyndist sterkt

Margt er sér til gamans gert og nú um helgina léku hinar ýmsu björgunarsveitir sér að því að hlaupa á milli Landmannalauga og Þórsmörkum á einum degi, leið sem okkur hinum finnst hæfilegt að fara á fjórum dögum. Samt fannst björgunarsveitarfólkinu ekki nóg að gert, því að eld-snemma daginn eftir sem var sunnudagur, lagði hópurinn, eða þeir sem enn voru göngufærir aftur af stað upp á Fimmvörðuháls.

Þessi stuttaralega frásögn er af nýstárlegri keppni sem Lands-samband hjálparveita skáta og Skátabúðin gengust fyrir og kölluðu Fjallamarapón.

Sigurvegarnir í þessu fyrsta Fjallamarapóni voru Andrés Þór Bridde og Magnús Dan Bárðarson og var tími þeirra 12 klst. og 57 mín. Í öðru sæti voru Vigfus Pálsson og Kjartan Ingason á 14.32, en í þriðja sæti með sex mín lakari tíma voru þær Anna Lára Friðriksdóttir og Vilborg Hannesdóttir. Tekið skal fram að keppt var í 2ja manna sveitum og luku 8 sveitir keppni af 18 sem hófu hana.



Hér eru stúlkurnar sem náðu þriðja sæti og blésu ekki úr nös: Vilborg Hannesdóttir og Anna Lára Friðriksd.

Fréttamynd um Skyggni

Í sjónvarpinu á sunnudagskvöld var í fyrsta sinn sýnd fréttamynd sem fengin var um jarðstöðina Skyggni. Var þar um að ræða mynd af skipverjum Tungufoss, er þeir komu til lands í Englandi eftir gifturika björgun.

Ad sögn sjónvarpsmanna skortir töluvert á tækjast til þess að hægt sé að taka við fréttamyndum undir venjulegum kringumstæðum, en vegna þess að þetta var á sunnudegi og vima lá niðri í stúdíó var hægt að taka við sendingunni, enda sér-pöntuð.

Allt er óljóst um fram-hald móttöku mynda sem sendar eru um gervihnetti, þær kosta skildinginn samkvæmt gjaldskrá Eurovision og sjónvarpið þarf að fjárfesta í tækjum, en eins og kunnugt er herðist sultarólin hjá sjónvarpinu fremur en hitt.



Sigurvegarnir á fullri ferð ásamt þeim sem lengst af veittu þeim harða keppni: Frá v. Magnús Dan Bárðarson, Helgi Benediktsson, Arnór Guðbjartsson og Andrés Þór Bridde, allir frá Hjálparveit skáta í Rvík.

Skipverjarnir koma heim í dag

Tungufoss sökk rétt við England

Annað skip Eimskips sem ferst á skömmum tíma

Ms. Tungufoss sökk sl. laugardagskvöld út af Landsend við suðvesturhorn Englands. Mannbjörg varð og slys urðu ekki á mönnum, en 11 manna áhöfn var á skipinu.

Skipverjum var bjargað um borð í björgunarskip og þyrllu og síðan fluttir til flotastöðvarinnar í Culrose og til Penzance. Þeir eru væntanlegir heim til Íslands um miðjan dag í dag.

Tungufoss var á leigu til erlends aðila og flutti í þessari síðustu ferð sinni 1900 tonn af lausu hveiti frá Avonmouth í Englandi og var á leið til Le Havre í Frakklandi. Skipið var státt skammt úti fyrir suðvesturhorni Englands kl. 19.30 að íslenskum tíma, er það tók skyndilega á sig um 30 gráðu halla. Þegar síðustu skipverjum skipsins, var bjargað, var hallinn orðinn um 90 gráður.

Veður var mjög slæmt á þessum slóðum og átti áhöfn skipsins í miklum erfiðleikum með að komast frá borði. Sjó skipverjum var bjargað um borð í björgunarskip, en nokkur skip komu til hjálpar þegar Tungufoss sendi út neyðarskeyti. Hinum fjórum var bjargað um borð í þyrllu breska sjóhersins.

Tungufoss var smíðaður í Danmörku 1973 og var 2100 DWT að stærð. Skipið var sérútbúið fyrir flutninga á kísiljárn fyrir Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Ad sögn Arna hefur ekki verið tekin ákvörðun um leigu eða kaup á nýju skipi í stað Tungufoss. Þetta er annað skip Eimskipafélagsins sem ferst með skömmu millibili. Ms. Berglind sökk við Nýfundnaland fyrir rúmum mánuði og þarf að leita allt

aftur til stríðsáranna að jafn voru tvö skip félagsins skotin miklu skipatjóni Eimskips, en þá niður. —lg.



Vinnustofa Kjarvals. Ljós: gel.

Hvað verður um vinnustofu Kjarvals?

Erlent tilboð liggur fyrir

Í dag lýkur að Kjarvalsstöðum sýningu á vinnustofu meistara Kjarvals. Hvað verður um vinnustofuna, það er spurning sem margir velja fyrir sér. Verður hún keypt af innlendum aðila eða hverfur hún til útlanda? Þórgin hefur eitthvað preifað fyrir sér um kaup, en ekkert liggur fyrir um það hvort af verður. Þá staðfesti Guðmundur Axelson eigandi vinnustofunnar í samtali við Þjóðviljann að honum hefði borist tilboð frá erlendum aðila sem hann þarf að svara fyrir 1. okt.

Samkvæmt þeim heimildum, sem Þjóðviljinn hefur aflað sérer um háar upphæðir að ræða, þó að tölur fái ekki staðfestar.

Sú hugmynd hefur komið fram að Íslendingar fari eins að og Danir þegar þeir keyptu verk eftir Picasso að safna fé til kaupa á vinnustofunni, til að tryggja að hún hverfi ekki úr landi, enda vandséð að Lífshlaup Kjarvals eigi annars staðar betur heima en á Kjarvalsstöðum.

—ká

Léleg

hafnaraðstaða

á Barðaströnd:

Tveir bátar slitnuðu upp frá bryggju

Annar talinn ónýtur

A sunnudagsmorgun slitnuðu tveir bátar frá festum við bryggjuna á Brjánslæk á Barðaströnd. Þetta gerðist í ofsavæðri, að sögn heimildarmanns okkar Rósu ívarsdóttur að Brjánslæk. Bátarnir sem eru um tuttugu tonn hafa verið gerðir út á hrefnuveiðar í sum ar og undanfarin sumur. Annar bátanna er talinn mikið skemmdur eða ónýtur. Þeir liggja nú báðir í fjór-unni á Brjánslæk. Ætlunin er að grafa og yta til í sandfjór-unni, til að ná að minnsta kosti út þeim bátum sem heillegri er.

Rósa sagði, að bátarnir sem eru frá Ísafirði hafi veitt Barðstrendingum mikla vinnu við vinnslu á hrefnu. Ahafnir bátanna eru aðallega frá Ísafirði en Barðstrendingar hafa séð um vinnslu á aflanum. Auk þessara hrefnuveiðibáta eru gerðar út trillar frá Brjánslæk en þær voru öruggar í vik við Brjánslæk á sunnudaginn. Hafnaraðstaðan er mjög léleg og voru bátarnir óvarðir við bryggju. —óg

Óveðrið fyrir vestan

Veðurstofan hafði varað við háskaveðrinu á Vestfjörðum rúmum sólarhringi áður en óveðrið skall á. Á undan veðurfréttum er sagt frá því ef gert er ráð fyrir stormi (nú vindstíg) og var gert ráð fyrir stormi á Vestfjarðamíðum þegar kl. 16.15 á föstu-dag.

Samkvæmt upplýsingum Braga Jónssonar veðurfræðings hjá Veðurstofunni, þá mældist vindhraði mestur í Eðey kl. 18.00 á laugardag eða 70 hnútar (12 vindstíg). Óveðrinu olli djúp og kröpp lægð sem kom úr suðri. Bragi sagði að vindhraðinn í svona óveðri væri mjög misjafn, gæti farið yfir 12 vindstíg. Það færi mikið eftir landslaginu því vindhviður lægju oft í strengjum. Veðurathugunarstöðvar á Vestfjörðum tilkynntu frá því á laugardagskvöld frá 8 til 12 vindstíg fram á sunnudagsmorgun. Þá tók að lægja með deginum. Spáð er sámi-legu veðri næstu sólarhringa, nema undan Austfjörðum, þar sem gert er ráð fyrir að geti orðið 8 vindstíg.

—óg